

39. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 24.11.2025

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Örvar Jóhannsson varamaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Háholt Hnoðrahólts - deiliskipulagstillaga

Tillagan gerir alls ráð fyrir 77 íbúðareiningum, þar af 26 einbýlishúsum, 41 raðhúsaeyningu, 2 parhúsaeyningum og 8 fjölbýliseiningum, ýmist á einni eða tveimur hæðum. Auk þess er gert ráð fyrir lóð fyrir leikskóla og búsetukjarna. Megináhersla deiliskipulagsins er að skapa lágreista og upp brotna íbúðabyggð sem fellur að landinu á háholti og niður hlíðarnar í suðurhluta Hnoðrahólts.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir. Vekur þó athygli á að hljóðvistarkort vantar í greinargerðina og leggur heilbrigðiseftirlitið áherslu á að hljóðvarnir séu meðfram stofnvegum þar sem það á við, þannig að hávaði frá umferð sé innan marka sem kveðið er á um í reglugerð um hávaða. Mjög góð umfjöllun er um ofanvatn, en frárennsli regnvatns frá Hnoðraholti mun renna í Arnarneslæk vestan við Reykjanesbraut. Leggja þarf áherslu á að íbúar séu ekki að nota spilliefni við þvott á bifreiðum við hús eða í húsagötum, þar sem hætta er á að slík efni skaða lífríki lækjarins.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Ísallínur 3&4 - niðurstaða Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu

Lögð fram til kynningar álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Heilbrigðiseftirlitið sendi inn umsögn.

Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir að mestu leyti á og við skilgreint iðnaðarsvæði í Hafnarfirði og ber framkvæmdasvæðið að stórum hluta merki mannlegra athafna. Línur verða vel sýnilegar úr næsta nágrenni, m.a. frá Vallarhverfi sem er það íbúðarhverfi sem stendur næst framkvæmdasvæðinu. Gömlu Ísallínurnar 1&2 verða fjarlægðar og að mati Skipulagsstofnunar munu áhrif nýju línanna á ásýnd og landslag verða mjög sambærileg séð frá völdum sjónarhornum, þrátt fyrir annars konar möstur. Stofnunin telur að með tilliti til sýnileika sé stigs- frekar en eðlismunur á þeim línuvalkostum sem Landsnet leggur fram þó að um sé að ræða mismunandi útfærslur mastra. Áhrif Ísallína 3&4 á ásýnd verða nokkuð neikvæð, burtséð frá valkostum, vegna nálægðar við þéttbýli og

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HABD", "JA", "LOT", and "SKH".

fjölfarnar leiðir. Þá er ljóst að línurnar munu liggja um eldhraun sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd en hraunin eru mikið röskuð þó að á milli séu tiltölulega óröskuð hraunsvæði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er ítarleg og er hægt að nálgast hana á skipulagsgáttinni.

Lagt fram til kynningar.

3. Dagskrárliður: Borgarlína í landi Blikastaða

Skipulagslýsingin fjallar um fyrirhugað vegstæði Borgarlínu í Mosfellsbæ, á um 850 metra kafla milli Korpúlfsstaðavegar og fyrsta áfanga Blikastaðalands. Markmið verkefnisins er að tryggja samfellda tengingu hraðvagnakerfisins milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar og stuðla að sjálfbærum samgöngum, vistvænni uppbyggingu og betra aðgengi fyrir gangandi og hjólandi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Lýsing á tillögu um miðsvæði 116M við Bjarkarholt, Mosfellsbæ

Breytingartillagan tekur til miðsvæðis í Bjarkarholti, reitur sem afmarkast af Langatanga, Skeiðholt, Þverholt og Háholt, þar sem stefnt er að endurskoða uppbyggingu til að styðja við þéttingu byggðar og fjölbreyttari búsetukort í miðbæ Mosfellsbæjar. Gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir takmarkaðri uppbyggingu í samræmi við deiliskipulag 2010. Breytingin felur í sér endurskoðun á þessum heimildum og uppfærslu á fjölda íbúða í takt við þróun síðustu ára. Svæði aðalskipulagsbreytingar er 24.4 ha.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða þéttingu, en vekur athygli á að einungis er gert ráð fyrir að hljóðvistarlausnir gagnvart umferð frá Bjarkarholti og Vesturlandsvegi verði skoðaðar við hönnun íbúða. Til að tryggja gott sambýli íbúða, verslunar og þjónustu, er mikilvægt að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar og mikilvægt er að aðgreina sameignir íbúða og atvinnutengdra rýma. Þá er mikilvægt að fram komi í skipulagi ákvæði um opnunartíma verslana og þjónusturýma sem eru í nálægð við íbúðir, þannig að tryggt sé að ekki skapist ónæði og hávaði á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að íbúar eigi rétt á kyrrð samkvæmt ákvæðum hávaðareglugerðar. Heilbrigðiseftirlitið hvetur sveitarfélagið til að gera ítarlegar kröfur á framkvæmdatíma um hljóðvarnir og tímalengd framkvæmda, þannig að íbúar nærliggjandi svæða hafi góðan fyrirsjáanleika á því ónæði sem uppbygging á svæðinu kemur til með að valda. Þá tekur heilbrigðiseftirlitið undir þær athugasemdir sem fram koma um grænbláa innviði og ofanvatn, að finna þarf lausnir til að hreinsa ofanvatn, en bílakjallarar og mikil þétting svæðisins skerða náttúrulegt yfirborð lands, þannig að flóknara er að koma upp settjörnum eða öðrum náttúrulegum lausnum til hreinsunar ofanvatns

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Tjarnavegur 57 við Silungatjörn, Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér skipulag einnar lóðar með aðkomu frá Tjarnavegi við norðanverða Silungatjörn. Landið er 1,49 ha að stærð og eru byggingarheimildir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags. Samanlagt flatarmál er 200 m² og mesta hæð húsa 7,5 m.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Í skipulags- og byggingarskilmálum kemur fram að lóðin sé á fjarsvæði vatnsverndar. Samkvæmt núgildandi vatnsverndarkorti fyrir höfuðborgarsvæðið þá er lóðin ekki á fjarsvæði vatnsverndar. Að mati heilbrigðiseftirlits þarf engu að síður að gera grein fyrir fráveitu á teikningum, þ.e. staðsetningar rotþróar auk siturlagna. Reikna þarf stærð rotþróar og fyrirkomulag siturlagna í samræmi við fyrirhugaða stærð og notkun húsnæðis og leita samþykkis heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

HTBP

40 J 10
SRM

6. Dagskrárliður: Lyngholtsvegur í Mosfellsbæ, frístundabyggð

Tillagan felur í sér skipulag fjögurra nýrra frístundahúsalóða með aðkomu frá Lynghólsvogi. Lóðirnar eru frá 7.000-8.344 m² að stærð og byggingarheimildir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags og mesta hæð húsa 7,5 m.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Vakin er athygli á því að lóðirnar eru á öryggissvæði vatnsverndar og eru allar framkvæmdir óheimilar nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum á svæði öryggissvæði vatnsverndar skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda, skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Krókavegur 19 í Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér skipulag þriggja nýrra frístundahúsalóða með aðkomu frá Krókavegi. Lóðirnar eru frá 5.000-6.740 m² að stærð og byggingarheimildir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags og mesta hæð húsa 5 m.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Eins og fram kemur í tillögunni þarf að gera grein fyrir rotþróum og fráveitulögnum fyrir viðkomandi lóðir og skulu stærð þeirra uppfylla kröfur sem fram koma í leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar (desember 2024) ásamt teikningum af siturlögnum. Jafnframt ætti að gera grein fyrir hvaðan neysluvatn er fengið. Ef það er tekið á viðkomandi lóð/lóðum með brunni eða borholu ætti að merkja inn staðsetningu mannvirkis.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

8. Dagskrárliður: Helgadalsvegur 51, Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér skipulag íbúðar- og gestahúss Mosfellsdal á blönduðu svæði íbúða- og landbúnaðarlands, þéttbýli. Byggingarheimildir fela í sér nýtt 189 m² íbúðarhús, 60 m² bílskúr, 50 m² gestahús (núverandi sumarbústaður) og 100 m² gróðurhús

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

9. Dagskrárliður: Óskotsvegur 41, byggingarleyfi

Tillagan felur í sér 38 fm stækkun frístundahúss við norðvestanvert Hafravatn.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis. Vakin er athygli á að staðsetning fráveitu (rotþróar) á að koma fram á lóðarblaði auk upplýsinga um fyrirkomulag siturlagna. Á það sérstaklega við þegar um er að ræða nálægð hreinsivirkis við viðkvæman viðtaka eins og Hafravatn. Jafnframt ætti að gera grein fyrir hvaðan neysluvatn er fengið. Ef það er tekið á viðkomandi lóð með brunni eða borholu ætti að merkja inn staðsetningu mannvirkis.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

10. Dagskrárliður: Röðull, Mosfellsbæ

Tillagan felur í sér að rífa núverandi gróðurhús og byggja þess í stað einnar hæðar 240,0 m² hús með íbúð, í samræmi við framlögð gögn.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis. Að mati heilbrigðiseftirlit þarf að gera grein fyrir fráveitu á teikningum, þ.e. staðsetningu rotþróa auk siturlagna. Reikna þarf stærð rotþróa og fyrirkomulag siturlagna í samræmi við fyrirhugaða notkun húsnæðis. Á fráveituteikningu þarf einnig að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að tæma vatn úr sundlaug. Ef klór er notaður í sundlaug þarf losun sundlaugarvatns að geta farið fram án þess að raska lífríki Suðurár.

Handwritten signatures and initials in blue ink.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

11. Dagskrárliður: Efstaland 1, deili- og aðalskipulagsbreyting

Tillagan felur í sér breytingu á deili- og aðalskipulagi þannig að heimiluð verði blönduð landnotkun á lóðinni Efstaland 1 í Helgafellshverfi, með 20 íbúðum á efri hæðum og nærbjónustu á jarðhæð. Markmiðið er að styrkja hlutverk svæðisins sem nærbjónustu kjarna í sjálfbæru hverfi með betri nýtingu innviða og vistvænum samgöngum. Með blöndu íbúða, þjónustu og verslunar er stuðlað að fjölbreyttri byggð og líflegu borgarrými sem minnkar þörf á bílaferðum.

Ekki er fyrir séð hverskonar starfsemi verður í umræddu húsnæði. Uppbygging íbúða ofan verslunar- og þjónustuhúsnæðis getur leitt til ákveðinna vandkvæða. Í ljósi þess þá vill heilbrigðiseftirlitið benda á eftirfarandi þætti sem mikilvægt er að horft verði til í nýju deiliskipulagi og uppbyggingu innan umræddrar lóðar við Efstaland 1.

1. Huga að hávaða sem borist getur milli hæða.
2. Huga að loftræstingu, mengunarvarnarbúnaði t.d. vegna lyktar.
3. Vöruafgreiðsla, kvaðir um tímasetningar til að fyrirbyggja ónæði.
4. Skipuleggja sorpgeymslur með hliðsjón af blandaðri starfsemi.
5. Gæta að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum.
6. Setja ákvæði um opnunartíma verslana og þjónustu.

Nánar er gerð grein fyrir ábendingum HEF í umsögninni.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

12. Dagskrárliður: Hestaumferð við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði

Lögð fram beiðni frá Umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar heilbrigðiseftirlits á umferð hestamanna í og við Hvaleyrarvatn.

Hvaleyrarvatn er 1-2 m á dýpt þar sem það er dýpst og liggur í dalkvos sem er umvafin grágrýtishryggjum á þrjá vegu, Vatnshlíð, Húshöfða og Selhöfða og hrauni að einum, Selhrauni sem lokar fyrir afrennsli vatns úr kvosinni. Umhverfi þess er viðkvæmt og vatnið frekar snautt og vatnsskipti fremur hæg og er hætt á að umferð hesta geti raskað viðkvæmum gróðri á bökkum og botngróðri, sem er mikilvægur veiðistaður fugla. Hægt er að njóta útivistar við Hvaleyrarvatn allt árið um kring. Hafnarfjarðarbær hefur lagt áherslu á að bæta aðgengi við vatnið þannig að allir geti notið þeirra náttúrugæða sem þar er að finna. Þá hefur Skógræktarfélag Hafnarfjarðar stundað skógrækt við vatnið um árabíl og er því viðkvæmur gróður og sjaldgæfar trjátegundir þar að finna. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er æskilegt að takmarka aðgengi hesta að Hvaleyrarvatni eins og mögulegt er með hliðsjón af umhverfispáttum og þeirrar einstöku náttúru sem þar er að finna. Þá skapar umferð hestamanna hættu ef slík umferð er of nálægt skipulögðum svæðum þar sem börn og unglingar eru að leik.

Heilbrigðisnefnd tekur undir umsögnina.

13. Dagskrárliður: Áform atvinnuvegaráðherra um sameiningu stofnanna

Atvinnuvegaráðherra kynnti á fundi með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlita dags. 17.11.2025 að hún hyggt leggja fram á vörðing 2026 frumvarp sem felur í sér að Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs verði sameinaðar í eina stofnun. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að verkefni heilbrigðiseftirlita sem nú eru á hendi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, færist til hinnar nýju stofnunar.

Frumvarpinu er ætlað að vera liður í áætlun stjórnvalda um einföldun stjórnsýslu og skilvirkri, gangsaerri þjónustu, stafrænum umbótum til að stuðla að vaxtarmöguleikum atvinnulífsins.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri bókun sína um andstöðu við þær hugmyndir stjórnvalda að færa allt eftirlit sem nú er á forræði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, til ríkisins. Skynsamlegra sé að veita þessa þjónustu í nærsamfélaginu á sveitarstjórnarstigi, en um leið gera þá kröfu til stjórnvalda og þeirra yfirstofnana sem fara með þessa málaflokka að þau fylgi þeim lögum og reglugerðum sem gilda um opinbert eftirlit, s.s. með gerð tölvukerfa, aukinni samræmingu, leiðbeiningum og þeim þáttum sem yfirstofnun og ráðuneytum er falið.

14. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 19. nóvember 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 19. nóvember sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

15. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 12. nóvember 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 12. nóvember sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

16. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 5. nóvember 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 5. nóvember sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

17. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 29. október 2025

Fundargerð afgreiðslufundar 29. október sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Örvar Jóhannsson varamaður



Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

82. Afgreiðslufundur HEF

29. október 2025

1. Vetrarbraut 30 Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.10.2025 f.h. Ungmennafélagið Stjarnan kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir lokahóf knattspyrnudeildar Stjörnunnar að Miðgarði Vetrarbraut 30 Garðabæ. F2524611 þann 01.11.2025 kl. 18:00 til 02.11.2025 kl. 01:00. Hámarks gestafjöldi: 150.

Jákvæð umsögn staðfest.

2. Vallakór 12-14 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2025 f.h. Handknattleiksfélags Kópavogs, kt. 630981-0269 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir þorrablot að Vallakór 12-14, Kópavogi. F2296585. þann 30.01.2026 kl. 17:00 til 31.01.2026 kl. 02:00. Áætlaður gestafjöldi 1250 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3. Háholt 2 Mosfellsbæ - Hlégarður - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.10.2025 f.h. Studio Emissary ehf., kt. 560216-1650 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Hlégarði Háholti 2 Mosfellsbæ. F2085083. frá 13.11.2025 kl. 16:30 til 01:00 frá 14.10.2025 kl. 16:30 til 02:00 frá 15.11.2025 kl. 16:30 til 02:00 Hámarks gestafjöldi: 250.

Jákvæð umsögn.

4. Smiðjuvegur 10 Kópavogi - réttingaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Vytautas Latanauskas f.h. Sprautuland ehf., kt. 690125-1100 dags. 14.10.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir réttingaverkstæði að Smiðjuvegi 10 Kópavogi. Fasteignanr. F2065284. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er skráning samþykkt.

5. Melabraut 26, Hafnarfirði - hjólbarðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Sergej Vasiljev f.h. SVD ehf., kt. 471122-0760 dags. 13.10.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hjólbarðaverkstæði að Melabraut 26 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2269360. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.10.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 15.10.2025. Jákvætt svar 15.10.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

6. Flatahraun 14, Hafnarfirði - heilsurækt - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Helgu Ingólfsdóttur f.h. Sambo 80, kt. 590319-2360 dags. 29.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heilsuræktarstöð að Flatahrauni 14, Hafnarfirði. Fasteignanr. F120489. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.10.2025. Starfsleyfið var auglýst dags. 1.10.2025-28.10.2025 og bárust engar athugasemdir.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

7. Urðarhvarf 4, Kópavogi - gististaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ernu Óskar Ingvarsdóttur f.h. Aegina ehf., kt. 681013-0380 dags. 03.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað, íbúðahótel, að Urðarhvarfi 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2311658, F2311659, F2311660, F2311661, F2311662, F2311663. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 03.09.2025. Í auglýsingu 1.10.2025-28.10.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Spítalavegur 11a og 11b, Garðabæ - leikskóli m. mötuneyti - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ölmú Guðmundsdóttur f.h. Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039 dags. 01.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla með mötuneyti að Spítalavegi 11a og 11b, Garðabæ. Fasteignanúmer F2508073, F2508074. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 19.09.2025. Auglýst dags. 18.09.2025-16.10.2025.

Með vísun í ákvæða hollustuhátta- og matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

9. Urðarhvarf 4 Kópavogi - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.08.2025 f.h. Aegina ehf ehf., kt. 681013-0830 þar sem sótt er um Gistileyfi fyrir Gististaði í Flokki II - G Íbúðir í fl. II. að Urðarhvarfi 4 Kópavogi. F2311664. Hámarks gestafjöldi 32.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.10.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 03.09.2025.

Jákvæða umsögn staðfest.

10. Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - gistileyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.06.2025 f.h. 220 Fjörður ehf., kt. 620615-1290 þar sem sótt er um Gistileyfi fyrir Gististaði í Flokki II - B Stærra gistiheimili, Strand Apartments Fjarðargötu 13-15/Strandgötu 30 Hafnarfirði. F2538178. Hámarks gestafjöldi 24.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.08.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 01.07.2025, Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 28.10.2025.

Jákvæð umsögn staðfest.

11. Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - hótél - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Guðmundar Harðarsonar f.h. Strand Apartments / 220 Fjörður ehf., kt. 620615-1290 dags. 26.06.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hótél að Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2538178. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.08.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 01.07.2025. Bréf sent 27.10.2025. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 28.10.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Trönuhraun 6 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2025 f.h. Katrínar Helgu Ólafsdóttur kt. 070896-3549 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Hljóðrita vegna 50 ára afmælis hljóðversins haldið að Trönuhrauni 6 Hafnarfirði þann 05.02.2026 kl. 19:30 til kl. 22:00. Hámarksfjöldi gesta 50 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

83. Afgreiðslufundur HEF

5. nóvember 2025

1. Fjarðargata - flugeldasýning - skráning

Lögð fram umsókn Sunnu Magnúsdóttur f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar kt. 590169-7579 dags. 04.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu vegna Jólaborps Hafnarfjarðar. Staðsetning er við Fjarðargötu á móts við Fjörð verslunarkjarnann. dags. 21.11.2025 frá kl. 19:15-19:25.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Ásbraut 17 Kópavogi - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Antons Daða Fjölssonar f.h. AF Verktakar ehf.. kt. 470722-2580 dags. 03.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja að Ásbraut 17, Kópavogi. Fasteignanr. F2058538. Tímabundin starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.04.11.2025.Fyrirliggjandi er samþykki Vinnueftirlits dags. 23.10.2025 sbr. 3.mgr. 4.gr. reglugerðar um asbestúrgang nr. 705/2009.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3. Ölduslóð 40 Hafnarfirði - dagvistun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Aðalheiðar Þóru Bragadóttur Hjelm f.h. Vinakot ehf., kt. 691024-1050 dags. 03.11.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dagvistun barna að Ölduslóð 40 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080895. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.05.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.11.2025 f.h. Kvennaskólinn í Reykjavík., kt. 650276-0359 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik í íþróttahúsinu Kaplakrika Hafnarfirði. þann 20.11.2025 frá kl. 22:00 til 21.11.2025 kl. 01:00. Áætlaður gestafjöldi: 1200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

5. Kaplakriki Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.10.2025 f.h. Boxfit ehf., kt. 420718-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir hnefaleikamót í íþróttahúsinu Kaplakrika Hafnarfirði. þann 28.11.2025 frá kl. 18:00 til kl. 23:00. Áætlaður gestafjöldi: 1800 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

6. Vetrarbraut 30 Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2025 f.h. Ungmennafélagið Stjarnan, kt. 611175-0199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu Miðgarði Vetrarbraut 30 Garðabæ. F2524611. þann 07.11.2025 frá kl. 17:00 til 08.11.2025 til kl. 01:00. Áætlaður gestafjöldi: 180 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

7. Strandgata 9 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.10.2025 f.h. Sigurðar H. Bjarnasonar kt. 150388-2369 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónlistaratriði og skemmtun fyrir utan Barböru kaffibar að Strandgötu 9 Hafnarfirði. F2079437. frá 07.11.2025 kl. 19:00 til kl. 22:00.

Jákvæð umsögn staðfest.

9. Strandgata 6, Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.10.2025 f.h. Bæjarbío slf. kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga að Strandgötu 6, Hafnarfirði dagana 18.12.2025-23.12.2025 F2079433. Um er að ræða jólahjarta Hafnarfjarðar, tjald á bak við Bæjarbío á Mathiesen torgi í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Áætlaður gestafjöldi er 150.

Jákvæð umsögn.

10. Strandgata 6, Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.10.2025 f.h. Bæjarbío slf. kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga að Strandgötu 6, Hafnarfirði þann 27.11.2025-29.11.2025. F2079433. Um er að ræða jólahjarta Hafnarfjarðar, tjald á bak við Bæjarbío á Mathiesen torgi í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Áætlaður gestafjöldi er 150.

Jákvæð umsögn.

11. Strandgata 6, Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.10.2025 f.h. Bæjarbío slf. kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga að Strandgötu 6, Hafnarfirði þann 04.12.2025-06.12.2025. F2079433. Um er að ræða jólahjarta Hafnarfjarðar, tjald á bak við Bæjarbío á Mathiesen torgi í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Áætlaður gestafjöldi er 150.

Jákvæð umsögn.

12. Strandgata 6, Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.10.2025 f.h. Bæjarbío slf. kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga að Strandgötu 6, Hafnarfirði þann 20.11.2025-22.11.2025. F2079433. Um er að ræða jólahjarta Hafnarfjarðar, tjald á bak við Bæjarbío á Mathiesen torgi í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Áætlaður gestafjöldi er 150.

Jákvæð umsögn.

13. Brúarfljót 3b, Mosfellsbær - bifreiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Edvards Ágústs Ernstssonar f.h. Bílaverkstæði Edda K ehf., kt. 620300-2090 dags. 03.10.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Brúarfljóti 3b, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2530683. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.04.11.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa 29.10.2025. Jákvætt svar Byggingarfulltrúa barst 29.10.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningin staðfest.

14. Æðarhöfði 2, Mosfellsbær - leikskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Tinnu Rún Eiríksdóttur f.h. Mosfellsbæ kt. 470269-5969 dags. 02.10.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir leikskóla að Æðarhöfða 2, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2349775. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 05.11.2025.Auglýst: 6.10.2025-3.11.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

15. Kirkjubraut 2, Seltjarnarnes - leikskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Selmu Birnu Úlfarsdóttur f.h. Seltjarnarnesbæjar kt. 560269-2429 dags. 02.10.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir ungbarnaleikskóla að Kirkjubraut 2, Seltjarnarnesi. Fasteignanr. F2329700. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.10.2025 Auglýst: 6.10.2025-3.11.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 2 ára.

16. Suðurgata 41, Hafnarfirði - samkomustaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hörpu Björgvinsdóttur f.h. Seiglnunnar, þjónustumiðstöð Alzheimersamtakanna kt. 580690-2389 dags. 01.10.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomustað án eldhús að Suðurgötu 41, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079735. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.11.2025 Auglýst: 6.10.2025-3.11.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

17. Dalshraun 7, Hafnarfirði - matvælaframleiðsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Ásdísar Sigurjónsdóttur f.h. Álfasaga ehf., kt. 511096-2279, dags. 16.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Dalshrauni 7, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074310, F2074311, F2266087. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 29.10.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

18. Melabraut 17, Hafnarfirði - steinsmiðja - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Péturs Daníelssonar f.h. Steinprýði ehf., kt. 700317-0990 dags. 04.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir steinsmiðju að Melabraut 17, Hafnarfirði. Fasteignanúmer F2077813. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.09.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 17.9.2025. Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa 19.9.2025. Auglýst dags. 1.10.2025 - 31.10.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

19. Strandgata 6 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.10.2025 f.h. Bæjarbíó slf. kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga að Strandgötu 6, Hafnarfirði þann 11.12.2025-13.12.2025. F2079433. Um er að ræða jólahjarta Hafnarfjarðar, tjald á bak við Bæjarbíó á Mathiesen torgi í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Áætlaður gestafjöldi er 150.

Jákvæð umsögn staðfest.

20. Bugðufliót 15N, Mosfellsbæ - innflutningur á matvælum - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Berglindar Jónu Kristinsdóttur f.h. Víra import ehf. kt. 420925-0770 þar sem sótt er um starfsleyfi til innflutnings og dreifingu á drykkjarvörum frá Bugðuflióti 15N, Mosfellsbæ. Fasteignr. F2523843. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 5.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

84. Afgreiðslufundur HEF 12. nóvember 2025

1. Reykjavíkurvegur 15b Hafnarfirði - Veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.10.2025 f.h. Pasta23 ehf., kt. 540723-0360 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II -E Kaffihús í fl. II, í Hellisgerði Reykjavíkurvegi 15B. F2078558. Hámarks gestafjöldi: 30 manns.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.08.2025

Jákvæð umsögn.

2. Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.11.2025 f.h. Nemendafélags Fjölbraut Garðabæ, kt. 660287-2649 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik í íþróttahúsinu Strandgötu 53 Hafnarfirði. Þann 04.12.2025 frá kl. 22:00 til 05.12.2025 kl. 01:00. Áætlaður gestafjöldi: 800

Jákvæð umsögn.

3. Borgaraholtsbraut 71D Kópavogi - niðurrif - skráning

Lögð fram umsókn Birkis Rútssonar f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags 06.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja að Borgarholtsbraut 71D Kópavogi. Fasteignanr. F2059240. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Smyrlahraun 41a Hafnarfirði - niðurrif mannvirkja - skráning

Lögð fram umsókn Silviu Rotariu f.h. All Verk ehf., kt. 571019-0350 dags. 04.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja að Smyrlahrauni 41a Hafnarfirði Fasteignanr. F2079168 Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. Hagasmári 1 Kópavogi - matvöruverslun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Arnars Freys Ársælssonar f.h. Core heildsala ehf., kt. 561118-1160 dags. 20.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Pop upp verslun daga 15.11.2025- 18.11.2025 með Nocco jóladagatölum, drykkjum og öðrum söluvarningi að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. Rými L-355. Ný starfsemi - tímabundið.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt daganna 15.11.2025 - 18.11.2025.

6. Bæjarbrekka 1, Garðabæ - meindýraeyðing - skráning

Lögð fram umsókn Baldvins Márs Baldvinssonar f.h. BMB-Verk ehf. kt. 580119-0420 dags. 24.09.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir meindýraeyðingu með starfstöð að Bæjarbrekku 1, Garðabæ. Fasteignanúmer F2081440. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.11.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

7. Breiðumýri, Garðabæ - grunnskóli - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Skúladóttur f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109 dags. 11.09.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir grunnskóla að Breiðumýri Álftanesi, Garðabæ. Fasteignanúmer F2081269. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.11.2025. Auglýst: 18.09.25-16.10.25.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Smáratorg 3 Kópavogi - veitingaleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.10.2025 f.h. Nevada ehf., kt. 580123-1120 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II - A Veitingahús og D- Veisluþjónusta og veitingaverslun í Brasa að Smáratorgi 3, Kópavogi, F2289966. Hámarks gestafjöldi: 380.

Jákvæð umsögn staðfest.

9. Smáratorg 3, Kópavogur - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Andréssonar f.h. Nevada ehf.(Brasa) kt. 580123-1120 dags. 13.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fasteignanr. F2289966. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.11.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 15.10.2025. Jákvætt svar 12.11.2025.

Með ákvæðum hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

85. Afgreiðslufundur HEF

19. nóvember 2025

1. Thorsplan - Varga-Nagy ehf tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.03.11 .2025 f.h. Varga-Nagy ehf., kt. 500624-1590 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir sölu á heitu víni í jólaþorpinu í Hafnarfirði. Þann 05.12.2025 frá kl. 17:00 til kl. 20:00. 06.12.2025 kl. 13:00 - 20:00.07.12.2025 13:00 - 18:00. Áætlaður gestafjöldi: 1500.

Jákvæð umsögn.

2. Jónaþorpið (Fjörukráin) tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.18.11 .2025 f.h. Fjörukráin ehf., kt. 630490-1119 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika á jólaþorpinu í Hafnarfirði. Þann 21.11.2025 frá kl. 13:00 til kl. 20:00. 22.11.2025 kl. 13:00 - 20:00. 23.11.2025 13:00 - 18:00. Áætlaður gestafjöldi: 200.

Jákvæð umsögn.

3. Thorsplan - Varga-Nagy ehf tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.03.11 .2025 f.h. Varga-Nagy ehf., kt. 500624-1590 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir sölu á heitu víni í jólaþorpinu í Hafnarfirði. Þann 28.11.2025 frá kl. 17:00 til kl. 20:00. 29.11.2025 kl. 13:00 - 20:00. 30.11.2025 13:00 - 18:00. Áætlaður gestafjöldi: 1500.

Jákvæð umsögn.

4. Ásvellir 1 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.14.11 .2025 f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka kt. 600169-0419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir starfsmannafagnað í íþróttahúsi Hauka Ásvöllum Hafnarfirði. Þann 05.12.2025 frá kl. 18:00 til kl. 23:30. Áætlaður gestafjöldi: 1300.

Jákvæð umsögn.

5. Ögurhvarf 1 Kópavogi - hársnyrtistofa - skráning

Lögd fram umsókn Gunnars Malmquist Þórssonar f.h. Víkingblendz ehf., kt. 601120-1270 dags 11.11.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Ögurhvarfi 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2277057. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 13.11.2025. Neikvætt svar byggingarfulltrúa 13.11.2025.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráningu hafnað.

6. Thorsplan Strandgötu - jólaþorp - starfsleyfi

Lögd fram umsókn Sunnu Magnúsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579 dags 05.11.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir jólaþorp á Thorsplan Strandgötu Fasteignanr. F2071010. Endurnýjun. Minnisblað dags. 19.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt frá 14.11.2025 - 23.12.2025.

7. Ásbúðartröð 11 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Gunnars Páls Halldórssonar f.h. Kolali heildsala ehf., kt. 471025-0540 dags. 27.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Ásbúðartröð 11 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076205. Ný starfsemi. Dreifing frá Górilla Vöruhúsi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

8. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Páls Eyjólfssonar f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 dags. 15.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Jólahjarta Hafnarfjarðar í tjaldi bak við Bæjarbíó að Strandgötu 6 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079433. Tímabundin starfsemi frá 20.11.2025 - 23.12.2025. Eftirlitsskýrsla dags. 19.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

9. Íshella 1, Hafnarfirði - innflutningur á matvælum, dreifing, vörugeymsla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Aðalsteins I. Pálssonar, f.h. Icewear /Drifa ehf., kt.480173-0159 dags.17.07.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi til að flytja inn, geyma og selja/dreifa matvörum í lokuðum umbúðum í verslanir ICEWEAR, vörulager staðsettur að Íshelli 1, Hafnarfirði. fasteignanr.F2330162. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

10. Dalsmári 13 Kópavogi - rekstrarleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.04.2025 frá 02.06.2023 ósk um að endurvekja umsögn f.h. Tennisfélagið ehf., kt. 480306-0660 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Veitingaleyfi - A Veitingahús - flokkur II í Hjartanu Bistro, Dalsmára 13 Kópavogi. F2292334. Hámarks gestafjöldi 100.

Jákvæð umsögn.

11. Dalsmári 13 Kópavogi - veitingastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Sindra Snæs Svanbergssonar f.h. Tennisfélagið ehf., kt. 480306-0660 dags. 09.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Dalsmára 13 Kópavogi Fastanr. F4803060660. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Straumhella 10 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Árna Þórs Árnasonar f.h. Austurbakki ehf., kt. 671020-0650 dags 15.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Straumhelli 10, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2533847. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.10.2025.Bréf sent á byggingarfulltrúa dags. 07.07.2025. Ítrekað 29.10.2025. Jákvætt svar 14.11.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

13. Hlaðan Álftanesi - tækifærisleyfi - umsögn

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.11.2025 umsögn f.h. Reykjavík Cocktails ehf., kt. 700118-0290 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í Hlöðunni Álftanesi. Garðabæ þann

22.11.2025 kl. 13:00 til 18:00 og 23.11.2025 frá kl. 13:00 til 18:00 fyrir jólamarkað. Áætlaður gestafjöldi 50 manns. Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa.

Neikvæðu umsögn þar sem ekki liggur fyrir jákvæð umsögn byggingarfulltrúa auk þess sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

14. Tjarnarvellir 15, Hafnarfirði - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Svavars G. Jónssonar f.h. Ban Kúnn kt. 711013-1800 dags. 13.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað með dreifingu á matvælum frá framleiðslueldhúsi að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2288371. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 6.06.2025.

Með vísun til ákvæðum hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.